

bannið skuli gilda. Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðumönnum samkomustaða í héraðinu, löggæzlumönnum öllum svo og manni þeim, er banninu er beint gegn. Á meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomustaða og þjónustuliði þeirra að vera samhent lögreglumönnum um að synja þeim mönnum, sem banni er beint gegn um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og það jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

#### 9. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist að  $\frac{3}{4}$  úr ríkissjóði, en  $\frac{1}{4}$  úr sýslusjóði, að því er laun aðallöggæzlumanna snertir. En laun aðstoðarmanna greiði aðili sá, er skemmtun heldur að hálfu, en ríkissjóður að hálfu. Ríkissjóður kostar að öllu leyti einkennisbúninga löggæzlumanna, svo og fræðslu og þjálfun löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra. Þá einnig ferðakostnað allan samkvæmt 5. gr.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag dansskemmtun á samkomustað innan héraðs, getur sýslumaður krafizt þess, að sá aðili greiði hluta sýslusjóðs af kostnaði við eftirlitið með skemmtuninni. Og getur sýslumaður sett það sem skilyrði fyrir skemmtanaleyfi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 50/1940, um lögreglumenn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. ágúst 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

## AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um Sjúkrasamlag Siglufjarðar nr. 8 26. marz 1957, Sjúkrasamlags Bárðdælahrepps nr. 29 27. febr. 1957 og Fremri-Torfustaðahrepps nr. 153 11. okt. 1957.

Aftan við 6. gr. samþykktar allra samlaganna bætist svo hljóðandi liður:  
„Ferðakostnaður. Samlagið greiðir  $\frac{3}{4}$  hluta flutningskostnaðar samlagsmanna til sjúkrahúss, ef sjúkraflugvél þarf til flutnings að dómi samlagslæknis.“

Viðbótarliður þessi verður b.-liður í samþykktum Sjúkrasamlags Siglufjarðar og Sjúkrasamlags Fremri-Torfustaðahrepps, en c.-liður í samþykkt Sjúkrasamlags Bárðdæla.

Framangreind breyting á samþykktum ofanritaðra sjúkrasamlaga staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 13 31. marz 1960, um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. ágúst 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*